Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

AKRANESKAUPSTAÐUR

| Skj.nr. 2.11 | Mótt. af Gsó | Móttdags. 12 FEB. 2016 |
| --- | --- | --- |
| Áb.m. RA | Úrv.aðili St.A | Afrit RA / St.A |
| Símtal | Tölvup. | Fax SPH / SA |
| Svarir. | Trún.mál | Fskj. AÓ / JÓ |
| Málsnr. One 1602149 | | |


Akraneskaupstaður
Stillholti 16-18
300 Akranesi

Mál nr. 17/2016

Reykjavík, 11. febrúar 2016.

Meðfylgjandi er afrit kæru, móttekin 11. febrúar 2016, þar sem kærð er álagning sorphirðu- og eyðingargjalda á Akranesi fyrir árið 2016.

Með vísan til 10. og 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þess óskað að úrskurðarnefndinni verði send gögn er málið varða innan 30 daga frá dagsetningu bréfs þessa, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, og er sveitarfélaginu gefinn kostur á að tjá sig um kæruna til sama tíma.

Virðingarfyllst,

Helena Þráins

Helena Þráinsdóttir *ritari*

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.

MÓTTEKIÐ
11. FEB. 2016
Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindarmála

**Kæra á álagningu sorphirðu- og eyðingargjalda á Akranesi 2016.**

Komið þið sæl hjá Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindarmála.

Ég leyfi mér að kæra álagningu Akraneskaupstaðar á sorphirðu- og eyðingargjöldum fyrir árið 2016, en ég tel álagninguna ekki rétta sé miðað við leiðbeiningar nefndarinnar frá fyrri árum m.a. í úrskurði sem undirritaður fékk í hendur í kjölfar kæru á álagningu.

Ég hef óskað eftir gögnum frá Akraneskaupstað í byrjun janúar s.l. en ekki fengið svör og gögn nema að hluta til þrátt fyrir ákvæði stjórnsýslu- og upplýsingalaga um upplýsingagjöf sveitarfélagsins.

Ég mun rökstyðja kæru mína í beinu framhaldi af framlögðum og umbeðnum gögnum frá kaupstaðnum.

Vinsamlega staðfestið að kæran hafi verið móttekin og verði tekin til umfjöllunar í framhaldi af nánari rökstuðningi frá mér.

Virðingarfyllst,

Jón Pálmi Pálsson,
kt. 270754-3929
Jaðarsbraut 25, (05,01)
300 Akranesi.